

## Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 3,6 milljörðum króna í mars. Þar af voru tæplega 0,9 milljarðar króna vegna leiguíbúðalána á meðan almenn útlán námu rúmlega 2,7 milljörðum króna, en meðallán almennra útlána nam tæplega 9,7 milljónum króna. Alls jukust heildarútlán Íbúðalánasjóðs því um 27% frá fyrra mánuði, en meðallán almennra útlána sjóðsins hafa hækkað um 12% á sama tímabili.

Þann 5. mars tilkynnti matsfyrirtækið Moody's að það hefði breytt horfum á lánsþæfismati Íbúðalánasjóðs, sem var Aaa, úr stöðugum í neikvæðar Aaa-. Breyting á horfum um lánsþæfismat Íbúðalánasjóðs var gerð í kjölfar breytingar á horfum um lánsþæfismat Ríkissjóðs Íslands í neikvæðar úr stöðugum.


Íbúðalánasjóður gaf út endurskoðaða áætlun þann 4. apríl s.l. Í henni kemur fram að gert er ráð fyrir að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 49 - 55 milljarðar kr. á árinu 2008 sem er lækkun um 8 - 10 milljarða frá fyrri áætlun. Jafnframt er gert ráð fyrir að útgáfa íbúðabréfa verði á bilinu 35 - 41 milljarðar króna á sama tímabili sem er lækkun um 14 - 16 milljarða frá fyrri áætlun.

Minnkandi umsvif á fasteignamarkaði er helsta ástæða þess að áætluð útlán Íbúðalánasjóðs dragast saman á árinu 2008.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði í mars um 20 - 51 punkt eftir flokkum. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 hefur ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkað um 51 - 284 punkta eftir flokkum. Veltan með íbúðabréf á markaði var rúmlega 785 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2008 en á sama tíma í fyrra nam veltan tæplega 287 milljörðum króna. Veltan með íbúðabréf nam rúmlega 251 milljarði í mars en var rúmlega 86 milljarðar króna á sama tíma fyrir ári.

Þann 25. mars s.l. ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti bankans um 1,25 prósent úr 13,75% í 15%. Forsendur verðbólguþspár sem Seðlabankinn lagði upp með og kynnti í Peningamálum í nóvember sl. hafa brugðist. Þá segir í tilkynningu Seðlabankans að verðbólga hafi reynt mun meiri en spáð var og verðbólguvæntingar hafi vaxið. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa hækkaði umtalsvert í kjölfarið.


Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu rúmlega 4,6 milljörðum króna í mars og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra.




Flokkur	Jan. 2007	Feb. 2008	Mar. 2008	Meðal líftími	Nafn verð	Eft. st. nafnv.
HFF14	6,27%	5,76%	4,48%	3,3	60,1	41,6
HFF24	5,49%	4,99%	4,53%	7,2	131,0	111,9
HFF34	4,88%	4,60%	4,36%	10,6	129,9	121,1
HFF44	4,64%	4,44%	4,38%	13,6	213,9	205,2

\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok mars '08. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánaþyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

## Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma. ISK)



## Vextir íbúðalánasjóðs 2004 - 2008




## Útboð, útlán og greiðslur íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2008				
	Áætlun	Raun	Áætlun	Raun
í milljörðum króna	Q1	Q1	2008	jan-mar
Útgáfa íbúðabréfa	0	0,0	35-41	0,0
Samtals ný útlán ÍLS	11	10,9	49-55	10,9
Greiðslur ÍLS	11-13	12,5	44-52	12,5

Áætlun 2008					
í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Allt 2008
Útgáfa íbúðabréfa	0	14-16	11-13	10-12	35-41
Ný útlán ÍLS	11	13-15	12-14	13-15	49-55
Greiðslur ÍLS	11-13	11-13	10-12	12-14	44-52

## Mánaðarleg heildarútlán íbúðalánasjóðs



## Útboð íbúðabréfa

